

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

#### I. KAFLI

##### Um skipan hreppsnefndar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

###### 1. gr.

###### *Skipan hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd Ásahrepps er skipuð fimm fulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

###### 2. gr.

###### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Ásahreppur er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni hreppsnefnd í umboði íbúa sveitarfélagsins.

###### 3. gr.

###### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Ásahreppur annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

#### II. KAFLI

##### Um hreppsnefnd.

###### 4. gr.

###### *Hlutverk hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Hreppsnefnd hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

###### 5. gr.

###### *Verkefni hreppsnefndar.*

Meðal verkefna hreppsnefndar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja hreppsnefnd síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða framkvæmdastjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í ædstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 6. gr.

*Ný hreppsnefnd tekur til starfa.*

Nýkjörin hreppsnefnd tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi hreppsnefnd umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin hreppsnefnd hefur einungis umboð til tóku ákvarðana um málefni hreppsnefndarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni hreppsnefnd sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

## 7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kýs hreppsnefnd oddvita og einn varaoddvita. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og hreppsnefndar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings hreppsnefndar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefnd. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

## III. KAFLI

**Fundir hreppsnefndar og fundarsköp.**

## 8. gr.

*Fundir hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 15.00, að jafnaði á hreppsskrifstofunni að Laugalandi.

Aukafundi skal halda þegar oddviti telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur hreppsnefndarfulltrúa óskar þess.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi hreppsnefndar á undan.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulega fundi vegna sumarleyfis.

## 9. gr.

*Boðun hreppsnefndarfunda.*

Oddviti boðar fundi og skal fundarboð ásamt fundargögnum berast hreppsnefndarmönnum með rafrænum hætti ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast hreppsnefndarmönnum svo fljótt sem auðið er og

ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

## 10. gr.

*Dagskrá hreppsnefndarfundar.*

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsnefndar, svo og ráðningu framkvæmdastjóra og helstu stjórnendur sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar hreppsnefndar skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund og skal hann tilgreina með skýrum hætti um hvaða málefni er að ræða.

## 11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi hreppsnefndar.*

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu, svo sem á auglýsingatöflu eða á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi hreppsnefndar ásamt dagskrá, innan sömu tímabresta og við á um hreppsnefndarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 12. gr.

*Opnir fundir hreppsnefndar.*

Fundir hreppsnefndar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða hreppsnefnd getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Fjarfundabúnaður.*

Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 15. gr.

*Tvær umræður í hreppsnefnd.*

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal hreppsnefnd hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 16. gr.

*Fundarsköp – fundarstjórn.*

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndar og að allar ályktanir og afgreiðslur séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum.

## 17. gr.

*Fundarsköp – vald oddvita.*

Hreppsnefndarmönnum er skylt að lúta oddvita að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum eða víki hann verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust.

Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

## 18. gr.

*Fundarsköp – afgreiðsla mála.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 19. gr.

*Fundarsköp – málfrelsi.*

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafí tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundum.

## 20. gr.

*Fundarsköp – umræður á fundi og bókanir.*

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn

oddvita. Framkvæmdastjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala a.m.k. þrisvar við hverja umræðu máls.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd og skal hún lögð fram skriflega.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

## 21. gr.

*Fundarsköp – ræðutími.*

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 22. gr.

*Fundarsköp – tillögur og afgreiðsla.*

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða framkvæmdastjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

## 23. gr.

*Fundarsköp – atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef hreppsnefndarmaður óskar þess.

## 24. gr.

*Fundarsköp – kosningar.*

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör

eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör oddvita hreppsnefndar. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Hreppsnefnd ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

25. gr.

*Ritun og birting fundargerða.*

Fundargerðir hreppsnefndar eru skráðar í tölvu. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Um ritun fundargerða hreppsnefndar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála um ritun fundargerða sveitarstjórna skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðir hreppsnefndar skulu birtar á vefsíðu Ásahrepps að fundi loknum enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

26. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi hreppsnefndarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber hreppsnefndarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána vensla-menn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

27. gr.

*Varamenn í hreppsnefnd.*

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á hans fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

#### IV. KAFLI

#### **Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.**

28. gr.

*Skyldur hreppsnefndarmanna.*

Hreppsnefndarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum hreppsnefndarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan hreppsnefndar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að inna af hendi störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar.

Hreppsnefndarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 29. gr.

*Réttur hreppsnefndarmanna.*

Hreppsnefndarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá hreppsnefndarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá hreppsnefndarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Hreppsnefndarmenn hafa málfrelsi á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum hreppsnefndar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Vilji hreppsnefndarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til hreppsnefndar sem sker úr án umræðna.

## 30. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í hreppsnefnd á sérhver hreppsnefndarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í hreppsnefnd.

Hreppsnefndarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Hreppsnefndarmaður skal beina beiðni um aðgang að gögnum skv. 1. mgr. til oddvita. Í slíkri beiðni skal koma fram sem skýrust afmörkun þeirra gagna sem um ræðir. Afgreiðsla beiðna skal alla jafna fara fram innan þriggja vinnudaga frá því beiðni berst. Varði beiðni mikið umfang gagna eða ef gögn geta verið undanþegin upplýsingarétti almennings skal oddviti leggja til að hreppsnefndarmaður kynni sér gögn á skrifstofu sveitarfélagsins en fái ekki afrit þeirra.

Hreppsnefndarmaður skal beina beiðni um aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins til oddvita, sbr. 2. mgr. Varði beiðni stofnun sem stýrt er af forstöðumanni skal beiðni einnig kynnt þeim aðila. Hreppsnefndarmaður skal alla jafna hafa fengið tækifæri til að nýta rétt sinn innan fimm vinnudaga frá því beiðni berst.

## 31. gr.

*Siðareglur og góðir starfshættir.*

Hreppsnefndarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem hreppsnefnd setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 32. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags getur hann óskað eftir því við hreppsnefnd að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr hreppsnefnd um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar hreppsnefndarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má hreppsnefnd ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr hreppsnefnd þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en hreppsnefndarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir hreppsnefndarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefnd. Ef hreppsnefndarmaður missir fjárforræði skal hreppsnefnd veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 33. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í hreppsnefnd skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur hreppsnefndarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í hreppsnefnd á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til oddvita eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í hreppsnefnd mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í hreppsnefndinni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í hreppsnefnd skal varamaður hans taka sæti í hreppsnefnd frá og með næsta fundi.

## 34. gr.

*Þóknun o.fl.*

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar skal hreppsnefndarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Hreppsnefndarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

## 35. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í hreppsnefnd.

## V. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir.**

## 36. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir hreppsnefndar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og hreppsnefndar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin hreppsnefnd hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrir hreppsnefnd sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 37. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.



Sveitarstjórnin getur falið nefnd eða embættismanni fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar og skal slíkt valdframsal ákveðið sérstaklega í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

## 38. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir hreppsnefndar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal hreppsnefnd leitast við að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

## 39. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir hreppsnefnd til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar hreppsnefndar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd.

## 40. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

## 41. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

## 42. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 43. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 33. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar hreppsnefnd nýjan varamann til setu í nefndinni.

## 44. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í hreppsnefnd, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við hreppsnefnd að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Hreppsnefnd getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan hreppsnefndar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur hreppsnefndarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Hreppsnefnd er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan hreppsnefndar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 45. gr.

*Þóknun.*

Hreppsnefnd er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati hreppsnefndar í samræmi við reglur sem hún setur.

## 46. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 47. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Hreppsnefnd kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem hreppsnefnd kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum hreppsnefndarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

- A. **Hreppsnefnd kys fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:**
1. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  2. *Umhverfisnefnd Ásahrepps*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
  3. *Atvinnu- og ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
- B. **Aðrar stjórnir, ráð, fulltrúar og samstarfsnefndir á vegum sveitarfélagsins sem hreppsnefnd skipar fulltrúa eða fulltrúar eru skipaðir af viðkomandi nefndum.**
1. *Stjórn Dvalarheimilisins Lundar*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  2. *Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra*. Fullskipuð hreppsnefnd Ásahrepps.
  3. *Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
  4. *Meningarmiðstöðin á Laugalandi*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  5. *Bókasafnsnefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  6. *Stjórn vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  7. *Samráðsnefnd um Holtamannafrétt*. Tveir fulltrúar frá Ásahreppi og tveir til vara.
  8. *Skipulagsnefnd uppsveita*. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd uppsveita skv. sérstökum samningi þar að lútandi. Ásahreppur skipar einn aðalman og annan til vara í nefndina. Nefndin fer með skipulagsmál skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingarmál skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
  9. *Skipulagsfulltrúi uppsveita bs.* Byggðasamlag Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fara með stjórn embættis skipulagsfulltrúa uppsveita bs. skv. sérstökum samningi. Ásahreppur skipar einn aðalman og annan til vara í stjórnina. Framsals- og valdheimildir til skipulagsnefndar uppsveita og skipulags- og byggingarfulltrúa byggðasamlagsins fara eftir ákvæðum samnings og samþykktu fyrir skipulagsfulltrúa uppsveita bs.
  10. *Búfjárefirlit Rangárvallasýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara, nefndin gerir tillögu að ráðningu búfjárefirlitsmanns skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
  11. *Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu*. Einn fulltrúi frá Ásahreppi og einn til vara.
  12. *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu*. Einn fulltrúi frá Ásahreppi og einn til vara.
  13. *Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  14. *Velferðar- og jafnréttisnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  15. *Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða*. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera félagsmálastjóri Velferðarþjónustu Ragnárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
  16. *Almannavarnanefnd Rangárvallasýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  17. *Samstarfsnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og lögreglustjóra*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  18. *Stjórn Húsakynna bs., byggðasamlags um leiguíbúðir á vegum Rangárþings ytra og Ásahrepps*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  19. *Rekstrarstjórn sameiginlegra eigna á Laugalandi*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  20. *Fjallskiladeild Holtamannafréttar*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  21. *Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulshjódgarðs*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  22. *Héraðsnefnd Rangárvallasýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara.

**C. Fulltrúar kosnir af héraðsnefnd Rangárvallasýslu:**

1. *Skólanefnd framhaldsskóla*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.
2. *Skólanefnd Tónlistarskóla Rangárvallasýslu*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
3. *Stjórn bókasafns*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
4. *Gróðurverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
6. *Umferðaröryggisnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
7. *Þjónustuhópur aldraðra*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af þrír skv. tilnefningu; einn frá héraðslækni, einn frá hjúkrunarforstjóra og einn frá öldrunarnefnd skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Þar sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra.

49. gr.

*Verkefnabundnar nefndir.*

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr, ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## VI. KAFLI

**Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

50. gr.

*Ráðning framkvæmdastjóra.*

Hreppsnefnd ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og verkefni sveitarfélagsins. Hreppsnefnd skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil hreppsnefndar. Heimilt er að ráða oddvita sem framkvæmdastjóra.

51. gr.

*Hlutverk framkvæmdastjóra.*

Framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi hreppsnefndar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem hreppsnefnd skipar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir hreppsnefndar og nefnda hreppsnefndar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu hreppsnefndar og nefnda komist til framkvæmda, hafi hreppsnefnd ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki hreppsnefndar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndar þarf til.

## 52. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá starfi.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn sveitarfélagsins en þá sem greinir í 1. mgr. og veitir þeim lausn frá störfum. Forstöðumenn stofnana ráða þó starfsmenn viðkomandi stofnana.

## 53. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 54. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VII. KAFLI

**Fjármál sveitarfélagsins.**

## 55. gr.

*Fjárstjórnarvald hreppsnefndar.*

Einvörðungu hreppsnefnd getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlunir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

## 56. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Hreppsnefnd skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Framkvæmdastjóri leggur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir hreppsnefnd eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Hreppsnefnd skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu hreppsnefndar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlunir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Hreppsnefnd skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

## 57. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem hreppsnefnd tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema hreppsnefnd hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að hreppsnefnd hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar hreppsnefndar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi hreppsnefndarinnar.

## 58. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Hreppsnefnd ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

## 59. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Hreppsnefnd skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkis tryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 60. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjóra og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir 15. apríl ár hvert.

Hreppsnefnd skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Hreppsnefnd ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## VIII. KAFLI

**Samráð við íbúa – Þáttökulýðræði.**

62. gr.

*Samráð við íbúa.*

Hreppsnefnd skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.

63. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 33,33% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga, skal hreppsnefnd verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk hreppsnefndar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

64. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 960/2001, með síðari breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu, 21. júní 2013.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*